

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjórnugrís hf. Melar, Hvalfjarðarsveit



Dags eftirlits	29.11.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Stjórnugrís hf.	Eftirlitsmaður	Rakel Sæmundsdóttir
Heimili	Melar, Hvalfjarðarsveit	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6006670179	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir G. Geirsson	ÍSAT nr.	01.46.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram fjögur frávik frá lögum, reglugerðum og kröfum í starfsleyfi er varða skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi. Einnig voru settar fram þrjár ábendingar um það sem betur má fara í starfseminni er varðar upplýsingar um aukaafurðir dýra í græna bókhaldinu, upplýsingar í útstreymisbókhaldi og umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Stjórnugrís að Melum þann 29. nóvember 2023.

Boðuð dagskrá:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Kynning á fylgiskjölum
- Grænt bókhald
- Útstreymisbókhald
- Yfirbygging haugtanks
- Meðferð mykju
- Umhverfisstjórnunarkerfi
- Áhættumat
- Kvartanir
- Vettvangsferð
- Annað

1. Niðurstæða síðasta eftirlits:

Þegar farið var í eftirlitið voru fjögur opin frávik frá fyrri eftirlitum.

Í gr. 2.8. í starfsleyfinu kemur fram að safnþrær skulu vera yfirbyggðar, þéttar og þannig frá þeim gengið að ekki leki úr þeim í umhverfið. Fremri þróin er ekki yfirbyggð. Rekstraraðili hefur skoðað ýmsar lausnir til yfirbyggingar en ekki fundið lausn sem virkar. Frávikinu er því ekki lokið.

Í gr. 2.14 í starfsleyfinu kemur fram að bundið slitlag með niðurföllum skuli vera við dyr þar sem afhending dýra fer fram. Eitt af húsunum uppfyllir ekki þessar kröfur. Í eftirlitinu kom fram að stefnt er að því að þetta verði framkvæmt í bráð og frávikinu því ekki lokið.

Ófullnægjandi árekstrarvarnir eru við olútanka á lóð, frávik frá 42. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Í eftirlitinu kom fram að á lóðinni eru 3 olútankar. Árekstrarvörnum var ábótavant við tvo tanka. Annar olútankurinn, sem notaður er til kornþurrkunar var án árekstrarvarna. Rekstraraðili sendi mynd að eftirlitinu loknu sem sýndi að búið er að koma fyrir árekstrarvörnum við tankinn. Hinn tankurinn, sem áður var notaður til kyndingar, verður fjarlægður þegar reynsla er komin á nýju hitaveitu kyndinguna og frávikinu því ekki lokið.

Frávik varðandi tilkynningaskyldu vegna mengunaróhappa skv. gr. 6.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili er með viðbragðsáætlun vegna frávika og slysa. Frávikinu telst því lokið.

2. Kynning á fylgiskjölum:

Í eftirlitinu var farið yfir þau skjöl sem send voru rekstraraðila við boðun eftirlitsins. Farið var yfir upplýsingar um álagningu stjórnvaldssekta og áætlun vegna rekstrarstöðvunar. Einnig var farið yfir áhersluverkefni Umhverfisstofnunar um gagnagrunn um mengaðan jarðveg, ekki var talin þörf á að skrá reksturinn inn í gagnagrunninn að svo stöddu. Rætt var um upplýsingablaðið um breytt fyrirkomulag um boðun eftirlits ásamt upplýsingablaði um nýja gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

3. Grænt bókhald:

Grænu bókhaldi fyrir árið 2021 var skilað of seint eða þann 22. ágúst 2022. Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var einnig skilað of seint eða þann 27. júlí 2023. Bent var á í eftirlitinu að upplýsingar um hvað gert er við aukaafurðir dýra þurfi að uppfæra þar sem þær eru ekki lengur urðaðar. Í græna bókhaldinu kom fram að búið er að skipta út olíukyndingu eldishúsanna fyrir hitaveitu.

4. Útstreymisbókhald:

Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2021 var skilað of seint eða þann 9. ágúst 2022. Útstreymisbókhaldinu fyrir árið 2022 var einnig skilað of seint eða þann 30. júní 2023. Upplýsingar um heildarfosfór í vatn og land vantar í útstreymisbókhaldið. Færa skal þessar upplýsingar í bókhaldið ef losunin er meiri en 5.000 kg í vatn eða 5.000 kg á land. Einnig vantaði upplýsingar í útstreymisbókhaldið um heildar köfnunarefnislosun. Færa skal þessar upplýsingar í bókhaldið ef losunin er meiri en sem nemur 50.000 kg í vatn eða 50.000 kg í jarðveg.

Einnig var rekstraraðila bent á að yfirfara upplýsingar í útstreymisbókhaldinu um rykmagnið sem reksturinn losar árlega.

5. Yfirbygging haugtanksins:

Rætt var um möguleika rekstraraðila til að byggja yfir haugtankinn í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur verið í sambandi við framleiðendur erlendis til að reyna að finna lausn sem samræmist starfsleyfinu en það hefur ekki gengið hingað til. Framkvæmd hefur verið þykktarmæling á skorpunni ofan á tanknum og var hún þá 16 cm. Í gr. 4.6.1 í BAT eru útskýrðar þær aðferðir sem samræmast BAT til að draga úr losun frá geymslu fljótandi húsdýraáburðar. Þar er teknar fyrir fljótandi yfirbreiðslur og er náttúruleg skorpa ein slíkra. Í BAT kemur fram að mælt sé með að skorpan sé að lágmarki 10 cm þykk. En einnig kemur þar fram að náttúruleg skorpa sem yfirbreiðsla þurfi að hylja allt yfirborð tanksins og eftir að skorpan hefur myndast skuli áfylling á geymsluna gerð undir yfirborði skorunnar.

6. Meðferð mykju:

Öll mykja frá starfseminni er leidd í opinn mykjutank, þaðan er mykjan flutt með skrúfu sem pressar vökvann úr mykjunni og leiðir í lokaðan tank. Fasta efnið er geymt á steypu plani þar til dreifing fer fram, ekki kom fram í eftirlitinu hvernig afvötnun af planinu er háttáð. Öll mykja sem verður til á búinu er notuð sem áburður.

7. Umhverfisstjórnunarkerfi:

Í eftirlitinu var rætt um það að rekstraraðili þarf að taka upp umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við BAT1. Ekki er gerð krafa um að kerfið skuli vera vottað. Rekstraraðila var bent á að skoða hvort öll atriði sem koma fram í BAT1 séu skráð í umhverfisstjórnunarkerfið.

8. Áhættumat:

Farið var stuttlega yfir áhættumatíð í eftirlitinu.

9. Kvartanir:

Engar kvartanir hafa borist til Umhverfisstofnunar eða rekstraraðila frá síðasta eftirliti, en stofnuninni barst þann 9. ágúst 2023 upplýsingar um mengunarslys. Farið var í fyrirvaralaust eftirlit vegna þess þann 15. ágúst 2023. Sjá eftirlitsskýrslu dagsetta þann 5. október 2023.

10. Annað:

Rekstraraðili hefur plantað um 20.000 trjám á landinu kringum búið. Til uppgræðslu og verndar gegn vindum.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald	Grænt bókhald fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023. Grænt bókhald barst Umhverfisstofnun þann 27. júlí 2023.
gr. 2 í reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald.	Útstreymisbókhald fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023. Útstreymisbókhaldið barst Umhverfisstofnun þann 30. júní 2023.
gr. 11 í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald.	Grænu bókhaldi fyrir árið 2021 barst ekki fyrir 1. maí 2022. Grænt bókhald barst Umhverfisstofnun þann 22. ágúst 2022.

gr. 2 í reglugerð 990/2008 um
útsreymisbókhalð.

Útsreymisbókhalð fyrir árið 2021 barst ekki fyrir 1. maí 2022.
Útsreymisbókhalðið barst Umhverfisstofnun þann 9. ágúst 2022.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að uppfæra upplýsingar um aukaafurðir dýra í græna bókhaldinu.

Rekstraraðila er einnig bent á að yfirfara upplýsingar sem fram koma í útstreymisbókhaldinu um magn af ryki sem kemur frá starfseminni, einnig að upplýsingar um losun á heildarmagni köfnunarefnis og heildarmagni fosfórs í bæði vatn og á land vantar í útstreymisbókhaldið, sé losunin yfir viðmiðunarmörkum í viðauka II í reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald

Rekstraraðila var bent á að yfirfara hvort allt sem kemur fram í BAT1 sé í umhverfisstjórnunarkerfi búsins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.12.2023



Kristín Kröyer

